



Mynd 2. Svör kennara (n=112) varðandi hvaða verkfæri þeir nota varðandi endurgjöf.

upp á til að skil nemanda hljóti fullt skor. Í niðurstöðum könnunarinnar sögðust 38% kennara notfæra sér matsgrind.

Matslisti er einfaldari en í honum eru listaðir upp matsþættir ásamt mögulegum stigafjölda fyrir hvern og einn. Kennari getur gefið stig og skriflega umsögn fyrir hvern matsþátt. Um 17% kennara nýta þessa tegund af matskvarða.

Ávallt er hægt að skrifa almenna umsögn um verkefni. Hlutfall kennara sem nota hana er 46% af þeim sem svöruðu. Kennari getur einnig hlaðið upp skrá til nemanda með endurgjöfinni en sá möguleiki er virkjaður í uppsetningu verkefnisins.

Að lokum geta nemandi og kennari skipst á skilaboðum í tengslum við verkefni. Skilaboðin hanga þá með skilum nemandans.

### Heimildir:

- Háskóli Íslands. (2018). *Stefna Háskóla Íslands um gæði náms og kennslu 2018-2021 – aðgerðaáætlun til þriggja ára*. Sótt af [https://www.hi.is/sites/default/files/petura/7a\\_stefna\\_hi\\_um\\_gaedi\\_nams\\_og\\_kennslu\\_2018-2021\\_-\\_26okt18\\_end.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/petura/7a_stefna_hi_um_gaedi_nams_og_kennslu_2018-2021_-_26okt18_end.pdf)
- Gibbs, G. (2006). How assessment frames student learning. Í C. Bryan og K. Cleggs (ritstjórar), *Innovative assessment in higher education* (bls. 23-36). London: Routledge.

Ráðstefna

# Málþing um hvernig við tryggjum gæði stafrænna kennsluhátta

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla og LÍS (Landssamtök íslenskra stúdenta) hélt málþing um hvernig tryggja má gæði stafrænna kennsluhátta 16 nóvember 2018 í Veröld – húsi Vigdísar, Háskóla Íslands. Málþingsstjóri var Áslaug Helgadóttir, gæðastjóri Háskóla Íslands.

Aðalfyrirlesari málþingsins var Frank Rennie, prófessor sjálfbærrar byggðarþróunar við University of the Highlands and Islands (UHI) í Skotlandi. Erindi hans fjallaði um gæði stafrænnar menntunar (e. quality in digital education). Einar Hreinsson, forstöðumaður kennslusviðs Háskólans í Reykjavík, hélt erindi um stafrænan stuðning við gæði náms og kennslu. Teitur Erlingsson, varaformaður Lands samtaka íslenskra stúdenta, ræddi í erindi sínu

um viðhorf stúdenta til stafrænna kennsluhátta. Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður kennslu sviðs Háskólans á Akureyri, fjallaði í sínu erindi um kosti og áskoranir fjarnáms. Vegna slæmrar veðurspár ákvað Auðbjörg að koma ekki til Reykjavíkur og hélt erindi sitt á Akureyri í gegnum Internetið með aðstoð hugbúnaðarins Panopto.

Málþinginu lauk á umræðum um hvaða stuðning kennarar þurfa að fá til að geta tileinkað sér stafræna kennsluhætti og um tækifæri nemenda í rafrænu námsumhverfi. Að loknu málþingi bauð ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla upp á léttar veitingar þar sem umræðan um gæði stafrænna kennsluhátta hélt áfram.



Upptaka frá erindum:  
<https://goo.gl/uWGbYt>



Upptaka frá umræðum:  
<https://goo.gl/LytPLI>



Glærur Frank Rennie:  
<https://goo.gl/jAuTXM>